



Lengd viðvera –  
Kátakot

# Sjálfsmatsskýrsla Grunnskóla Hornafjarðar



Ábyrgðaraðili

Hulda Laxdal Hauksdóttir, skólastjóri

22.9.2013

## Efnisyfirlit

Könnunin.....	2
Niðurstöður.....	2
Breytingar á lengdri viðveru 2013-2014 (umbótaáætlun) .....	3

## Könnunin

Spurningar voru sendar í tölvupósti til foreldra barna sem voru í 1. - 4. bekk skólaárið 2012-2013 í júní 2013 í gegnum Outcome vefkönnunartækið sem notað hefur verið í öðru sjálfsmati skólans. Fjörutíu börn nýttu sér þjónustuna í lengdri viðveru í Kátakoti þenna vetur.

Eftirfarandi spurningar voru lagðar fyrir foreldra:

**1. Hvaða ár er barn þitt fætt? - Ef þú átt fleiri en eitt barn sem fædd eru á þessu ára bili svaraðu þá aðeins fyrir annað þeirra.**

**2. Ég nýti mér þjónustu lengdu viðverunnar í Kátakoti:**

**3. Ef þú ert ekki að nýta þjónustuna í Kátakoti eða hefur hætt að nýta þér hana, hver er megin ástæða þess? Annað, og þá hvað?:**

**4. Á kvarðanum 1-5, þar sem 5 er mest ánægja og 1 minnst, hvernig upplifir þú aðstöðuna í Kátakoti?**

**5. Á kvarðanum 1-5, þar sem 5 er mest ánægja og 1 minnst, hversu ánægð/-ur ert þú með starfseminu sem fram fer í Kátakoti?**

**6. Ef svar þitt við spurningu nr. 5 er á bilinu 1-3, hvaða breytingar vilt þú sjá á starfsemi Kátakots?**

**7. Nýtir barn þitt sér aðstoð við heimavinnuna í Kátakoti?**

**7a. Á kvarðanum 1-5, þar sem 5 er mest ánægja og 1 minnst, hversu ánægð/-ur ert þú með þá aðstoð sem barn þitt fær við heimavinnuna í Kátakoti?**

**8. Á kvarðanum 1-5, þar sem 5 lýsir góðri líðan og 1 slæmri, hversu vel telur þú barni þínu líða í Kátakoti?**

**9. Ef svar þitt við spurningu nr. 8 er á bilinu 1-3, hvað þarf að bæta í þjónustu og starfsemi Kátakots til þess að barni þínu líði betur?**

**10. Annað sem þú vilt koma á framfæri:**

Við úrvinnslu þessarar könnunar var unnið eins og við aðrar kannanir sjálfsmatsins og stuðst við sömu flokkun varðandi niðurstöður, gott – viðunandi – óviðunandi, sjá nánar í sjálfsmatsáætlun skólans á slóðinni [http://www.hornafjordur.is/media/vor-2013/sjalfsmatsaaetlun\\_2010---2013.pdf](http://www.hornafjordur.is/media/vor-2013/sjalfsmatsaaetlun_2010---2013.pdf). Eins og fram kemur í spurningunum sem eru hér að framan gafst foreldrum kostur á að koma með almennar ábendingar til viðbótar því að svara beinum spurningum.

## Niðurstöður

50% foreldra þeirra barna sem eru í þeim árgöngum sem kost hafa á að nýta sér lengda viðveru í Kátakoti svöruðu könnuninni. Eins og áður hefur komið fram voru 40 börn skráð í Kátakot og svöruðu 27 foreldrar könnuninni, eða 67,5% þeirra sem nýta sér lengdu viðveruna 2012 – 2013 og lögðu mat á

Þjónustuna sem þar er veitt. Aðeins var gert ráð fyrir einu svari í tengslum við hvert barn og foreldrar voru hvattir til að koma sér saman um svar við þeim spurningum sem lagðar voru fyrir í könnuninni. Ábyrgðarmaður sjálfsmatsins hefur ákveðið að birta **ekki** niðurstöður einstakra spurninga né niðurstöður könnunarinnar í heild sinni í þessari skýrslu en greina frá megin niðurstöðunum í eftirfarandi texta.

Við flokkun á textasvörum foreldra var innihaldinu skipt í þrjá flokka, **aðstöðu, innra starf og starfsmenn**. Í svörum foreldra koma fram mismunandi svör og sjónarmið á þeirri þjónustu sem veitt er í Kátakoti, allt frá ánægju með aðstöðu, innra starf og starfsfólk yfir í hið gagnstæða. Í heildina var þó óánægjan mun meiri en ánægjan og á það jafnt við um alla flokkana.

Áður en könnun þessi var gerð höfðu smávægilegar breytingar verið gerðar á starfsemi Kátakots með það fyrir augum að bæta þjónustuna í lengdri viðveru. Enn fremur lá fyrir ákvörðun um enn frekari breytingar sem snérust ekki síður um innra starf skólans en lengdu viðveruna og var það m.a. gert út frá óskum starfsmanna í Kátakoti. Starfsemi beggja sviða hefur skarast um skeið, m.a. vegna þess að um sameiginlega starfsmen er að ræða. Í þeim breytingum sem ákveðnar höfðu verið er stefnt að því að fækka þeim starfsmönnum sem vinna á báðum stöðum og stefna að því að manna lengdu viðveruna að mestu með starfsfólki sem ekki tengist skólanum.

Ábyrgðarmaður sjálfsmatsins lítur svo á að niðurstöður könnunarinnar og ábendingar þeirra foreldra sem svöruðu henni styðji fyrri ákvörðun um að breytinga hafi verið þörf. Foreldrar sem nýta sér Kátakot munu áfram verða yntir eftir viðhorfum sínum til þjónustunnar sem þar er veitt.

## Breytingar á lengdri viðveru 2013-2014 (umbótaáætlun)

- Síðastliðin þrjú ár hafa smávægilegar breytingar verið gerðar á starfseminni í Kátakoti með það að leiðarljósi að bæta þar þjónustuna. Ákveðið var að gera könnun meðal foreldra þeirra barna sem geta nýtt sér lengda viðveru undir vor 2013 þó þá þegar lægi fyrir ákvörðun um að gera enn frekari breytingar á lengdu viðverunni fyrir skólaárið 2013 - 2014. Haustið 2013 var búið að ráða nýjan starfsmann að lengdu viðverunni og hefur hann tengingu inn í skólann. Þessi starfsmaður hefur tekið einingar í Tómsundafræðum frá HÍ. Auk hans er áfram einn fullorðinn starfsmaður í viðverunni líkt og árið áður og starfar hann ekki innan skólans.
- Eftir að skólastarfið hófst var gerður samningur við Framhaldsskóla A-Skaftafellssýslu varðandi vinnustaðarnám. Þrír nemendur skólans vinna í lengdu viðverunni á haustönninni, mis mikið eftir dögum og fá þá vinnu metna til eininga í sínu námi. Samstarfið verður metið um áramót og tekin ákvörðun um hvort því verður haldið áfram eða leitað annarra leiða til að manna lengdu viðveruna.

Fyrirhugaðar breytingar	Hvenær unnið
Innra starf Kátakots endurskoðað með það að leiðarljósi að auka á fjölbreytni í starfi barnanna.	Í vinnslu í október 2013
Minniháttar breytingar á aðstöðu innandyra.	Nóvember 2013
Kaffitímar endurskoðaðir með tilliti til ráðlegginga Landlæknisembættisins um hollustu.	Janúar 2014
Aukið upplýsingaflæði með fréttapistlum úr Kátakoti á heimasíðu skólans og í pósti til foreldra.	Desember 2013